



**Yfirlýsing
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í tilefni alþjóðlegrar minningarathafnar
í Póllandi
1. september 2019,
80 árum eftir upphaf seinni heimsstyrjaldar**

Seinni heimsstyrjöldin mun ætíð teljast til skelfilegustu viðburða í sögu mannkyns. Mikilvægt og sjálfsagt er að minnast nú upphafs þessa hildarleiks hinn 1. september 1939.

Með innrás herja nasista í Pólland hófst stríðið en aðdragandinn var langur og hörmungarnar framundan skelfilegri en orð fá lýst. Við hæfi er að koma saman í Póllandi réttum 80 árum eftir að óöldin brast þar á. Pólska þjóðin var meðal þeirra sem verst urðu úti í styrjöldinni. Við megum aldrei gleyma þeim glæpum sem voru framdir, þeirri grimmd sem geisaði og þeim miska sem milljónir manna þurftu að þola. Við megum aldrei gleyma helförinni gegn gyðingum auk annarra útrýmingarherferða nasista og handbenda þeirra.

Sú saga er gömul og ný að stríðsæsingamenn ala á ótta og illsku, tortryggni og andúð. Þeir misnota ættjarðarást, afflytja þjóðrækni svo að úr verður þjóðremba og hatur í garð annarra. Mörg dæmi eru um þetta, víti til að varast. Þann lærdóm þarf að hafa í huga, nú og endranær.

Megi þessi minningarstund því verða til þess að efla samkennd og samúð innan okkar samfélaga og milli ríkja heimsins. Friður og velferð hvíla á fjölbreytni og frelsi, umburðarlyndi og víðsýni.

Saga liðins tíma verður aldrei sögð í eitt skipti fyrir öll. En engum má líðast að afneita glæpum gegn mannkyni. Og enginn má einoka frásagnir fortíðar eða bregða hulu yfir þær, hvorki stjórnvöld né stjórn málaöfl. Öflugar þjóðir og ríki þola að saga þeirra sé litin gagnrýnum augum, að bent sé á það sem deila megi um og það sem miður fór.

Fyrir hönd okkar Elizu þakka ég Pólverjum gestrisni þeirra og hlýhug. Sömuleiðis færi ég þeim Pólverjum, sem flutt hafa til Íslands og lagt sitt af mörkum til samfélagsins, góðar kveðjur og óska þeim velfarnaðar.